

afgreiðslu á Alþingi, fastri réttarvenju á Norðurlöndum og viðurkenndum fræðritum um þetta efni, þá verður dómurinn að líta svo á, að ákvæði nefndrar 6. gr. laganna geti ekki átt við taxa verkamannafél. Hlifar, þar sem hann ekki hefur verið formlega skriflega samþykktur af Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, og með því að því hefur ekki verið haldið fram, né nokkuð upplýst um það í málinu, að venja hafi myndast um það, hvorki fyrir eða eftir gildistöku laga nr. 80/1938, að fyrirvara hafi þurft til þess að víkja frá, breyta eða fella niður kaup-taxta, sem lengi hefur gilt og unnið hefur verið eftir, verður að telja, að bæjarútgerðinni hafi verið heimilt að víkja fyrirvaralaust frá taxa verkamannafélagsins Hlifar.

Bæjarútgerðin hefur því ekki gerzt sek um sammingsrof, og ber því að sýkna hana af kröfum stefnda um sektir og skaðabætur.

Um 2. Með framlögðum vottorðum og vitnaleiðslum þeim, sem fram hafa farið hér fyrir dómnun, eru engar minnstu líkur fyrir því færðar, að bæjarútgerðin hafi gerzt sek um atvinnukúgun, eða á nokkurn hátt reynt að hafa áhrif á afstöðu eða afskipti verkamanna til deilu þeirrar, er uppi hefur verið í Hafnarfirði. Ber því að sýkna stefnda af þessari kröfu.

Um 3. Samkvæmt framanrituðu verður krafa þessi ekki tekin til greina.

Laugardaginn 25. marz 1939.

Nr. 3/1939. **Alþýðusamband Íslands f. h. Starfsmannafélagsins Þórs**
gegn

Stjórnarnefnd ríkisspítalanna.

Dómari nefndur af stefnda Ragnar Jónsson cand. jur.
í stað Kjartans Thors.

Ágreiningur um skilning á ákvæðum vinnusamnings. Ráðningarkjör tveggja hjúkrunarmanna talin brjóta í bág við vinnusamninginn. Frávísunarkröfu, sem byggð var á því að ekki væri um stéttarfélag að ræða, hrundið.

Dómur.

Hinn 8. maí 1936 gerði Starfsmannafélagið Þór, sem er stefnandi máls þessa, samning við stefnda, stjórnarnefnd ríkisspítalanna, um kjör þeirra starfsmanna ríkisspítalanna og ríkisbúanna, sem nánar voru tilgreindir í 1. gr. samningsins. Þar eru meðal annarra taldir hjúkrunarmenn og hafðir í flokki sér (3. flokki). Lágmarkskaup þeirra er þar ákveðið kr. 145.00 á mánuði. Um þá gilda einnig önnur þau ákvæði, er

í samningnum greinir um kjör, svo sem ókeypiss fæði og húsnæði o. s. frv.

Hinn 1. okt. 1938 réð dr. Helgi Tómasson til geðveikrahælisins að Nýja-Kleppi Gunnar Guðmundsson til hjúkrunarstarfa, og hinn 1. febrúar 1939 réð hann Jónas Jónasson þangað til sömu starfa. Kaup þeirra var ákveðið kr. 100.00 á mánuði auk hlunninda, sem virðast hafa verið hin sömu og hjúkrunarmenn nutu, samkvæmt samningnum 8. maí 1936.

Stefnandi lítur svo á, að þessi ráðningarkjör greindra tveggja manna, sem báðir eru í starfsmannafélaginu, brjóti mjög í bág við áðurgreindan samning sinn og stefnds, að því er kaupgreiðslu þeirra snertir. Kvartaði stefnandi fyrst yfir þessu í bréfi til skrifstofu ríkisspítalanna og síðar til stjórnarnefndar ríkisspítalanna með bréfi, dags. 2. febr. s. l., þar sem hann krafðist þess, að þessir menn nytu sömu launa og hjúkrunarmenn eiga að hafa samkv. samningnum 8. maí 1936. Stjórnarnefndin synjaði þeirri kröfu.

Með stefnu, dags. 13. þ. m., stefndi stefnandi máli þessu fyrir félagsdóm. Telur hann, að stefndur hafi með ráðningarsamningum sínum við áðurgreinda tvo menn gerst brotlegur við 7. gr. laga nr. 80 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Hefur hann gert þá kröfu, að ráðningarsamningar þeirra Gunnars Guðmundssonar og Jónasar Jónassonar verði dæmdir ógildir, en stefndi verði dæmdur til að greiða þeim kaup samkvæmt samningi starfsmannafélagsins Þórs við stjórnarnefnd ríkisspítalanna, dags. 8. maí 1936, 1. gr. 3. fl. frá upphafi starfstíma þeirra hvors um sig. Jafnframt hefur hann gert kröfu um, að stefnandi verði dæmdur í sekt til ríkissjóðs. Loks hefur hann krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu samkv. taxta M. F. Í.

Stefndi hefur haft uppi þá kröfu, að málinu verði vísað frá félagsdómi. Hefur hann haldið því fram, að Starfsmannafélagið Þór geti ekki talizt stéttarfélag í merkingu laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og samningur þess við stefnda sé því ekki vinnusamningur, sem fara skuli með samkvæmt þeim lögum. Hefur hann fært að þessu þau rök, að félagið sé stofnað utan um spítala og ríkishú, sem standi undir stjórn stefnda. Það sé lokað öðrum en starfsmönnum þeirra og þess vegna starfsmannafélag ákveðins fyrirtækis, en ekki almennt stéttarfélag. Í annan stað hefur hann talið, að starfsmenn stefnda, sem í félaginu eru, séu samkvæmt lögum nr.

33/1915, um verkfall opinberra starfsmanna, opinberir sýslunarmenn og sé þeim því óheimilt að taka þátt í vinnustöðvun, en félagsskapur slíkra manna geti ekki talizt stéttarfélag.

Samkvæmt 2. gr. laga félagsins eru meðlimir þess þeir, „sem starfa við sjúkrahús og ríkisbú Reykjavíkur og nágrennis“. Þó hefir félagið ekki látið til sín taka afskipti af málefnum allra þeirra manna, er við þær stofnanir starfa, heldur einungis ákveðinna starfsmannaflokka, eins og fram kemur í samningnum 8. maí 1936, og einungis þeir starfsmannaflokkar taka þátt í félaginu. Í málflutningnum var það upplýst, að auk þess sem starfsemi félagsins snýr að stefnda, hefur það einnig hagsmuna að gæta við aðrar spítalastofnanir á félagssvæðinu og félagsmenn starfandi þar. Þannig var við stofnun félagsins einn af stjórnarmönnum þess starfsmaður annars fyrirtækis. Hinn 3. júní 1936, eða tæpum mánuði eftir að samningurinn við stefnda var undirskrifaður, gerir félagið annan samning við St. Jósepsspítala að Landakoti um kaup og kjör félagsmanna sinna þar, og er hann enn þá í gildi. Það verður því ekki litið svo á, að félagið sé starfsmannafélag ákveðins fyrirtækis, né heldur, þegar af þeirri ástæðu, að það sé ekki hæft til fyrirsvars sem stéttarfélag vegna þess að því sé meinað að lögum að taka þátt í vinnustöðvun. Ber því að viðurkenna félagið sem stéttarfélag í þeirri merkingu, sem verður að leggja í það orð samkvæmt lögum nr. 80 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og að samningur þess sé vinnusamningur samkvæmt 2. lið 44. gr. nefndra laga, og ber þess vegna að hringa frávisunarkröfu stefnda.

Þá hefur stefndi krafizt sýknu í málinu, fyrst og fremst með þeim rökum, að þar sem félagið ekki sé stéttarfélag, þá geti samningur þess ekki orðið til að ógilda ráðningarsamninga þeirra Gunnars Guðmundssonar og Jónasar Jónassonar, samkvæmt 7. gr. laga nr. 80 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Eins og áður segir, verður rétturinn að líta svo á, að félagið sé löglegt stéttarfélag, og verður af þeim sökum þessi sýknuástæða ekki tekin til greina.

Í annan stað hefur hann haft uppi þá sýknuástæðu, að jafnvel þótt svo yrði talið, að félagið væri stéttarfélag, þá færu ráðningarsamningar þeirra Gunnars Guðmundssonar og Jónasar Jónassonar ekki í hág við samninginn 8. maí 1936. Þeir hafi báðir verið ráðnir til spítalans sem hjúkrunarnemar, en

ekki sem fullgildir hjúkrunarmenn. Samningurinn 8. maí 1936 taki hins vegar einungis til fullgildra hjúkrunarmanna.

Svo virðist, sem stefndi hafi ætlað þeim Gunnari Guðmundssyni og Jónasi Jónassyni hið lægra kaupíð í 6 mánuði, en lofað að fastráða þá sem fullkomna hjúkrunarmenn að þeim tíma liðnum, og þá með fullu kaupi hjúkrunarmanna, samkvæmt samningnum 8. maí 1936. Í málinu er það upplýst, að um eiginlegt hjúkrunarnám, er leiði til prófs sem hjúkrunarmaður eða sérstakrar viðurkenningar í slíku starfi, er ekki að ræða, og stefndi hefur ekki fært fram neinar líkur fyrir því, að menn geti ekki leyst störf hjúkrunarmanna af hendi án sérstaks náms. Stefndandi hefur hins vegar fært fram dæmi þess, að ráðnir hafi verið til spítalanna ólærðir menn með fullu kaupi þegar frá byrjun. Verður og ekki séð, að auðvelt sé að setja glögg mörk á milli slíks náms og starfs. Það verður ekki talið skipta máli, hvaða heiti stefndi hefur valið mönnunum við ráðningu þeirra, heldur einungis hvert er raunverulegt starf þeirra í þjónustu hans. Ekki verður heldur annað séð, en samningurinn 8. maí 1936 sé tæmandi um þá starfsmannaflokka, er hann tekur til. Þeir verða því, að áliti dómsins, að teljast falla undir ákvæði samningsins um hjúkrunarmenn, og ber þeim því það kaup og þau kjör, sem hann tilskilur. Verða kröfur stefnanda því að þessu leyti teknar til greina.

Hins vegar þykir ráðning þeirra ekki gerð með þeim hætti, að stefndi, stjórnarnefnd ríkisspítalanna, hafi bakað sér refsí-ábyrgð, og ber því að sýkna stefnda af refsikröfu stefnanda

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, stjórnarnefnd ríkisspítalanna, skal skylt að greiða þeim Gunnari Guðmundssyni og Jónasi Jónassyni kaup samkvæmt samningi hans við Starfsmannafélagið Þór, dags. 8. maí 1936, 1. gr. 3. flokki, frá upphafi ráðningartíma þeirra hvors um sig.

Stefndi greiði stefnanda kr. 200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.